

Akureyri, 8. janúar 2020  
2001007 KBR

## Efni: Upplýsingaöflun vegna stöðu jafnlaunavottunar

Þann 1. janúar 2018 tók gildi breyting á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem skyldar fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að öðlast vottun á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85.

Samkvæmt reglugerð nr. 1030/2017 skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem 250 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli hafa öðlast vottun eigi síðar en 31. desember 2019. Sömu tímamörk skulu einnig gilda um opinberar stofnanir, sjóði og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins og þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 10/2008 heldur Jafnréttisstofa skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa vottun á jafnlaunakerfum sínum.

Samkvæmt sömu lagagrein skal Jafnréttisstofa einnig halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem ekki hafa uppfyllt þá lagaskyldu að öðlast vottun á jafnlaunakerfi og skulu samtök aðila vinnumarkaðarins hafa aðgang að þeirri skrá. Í skránni skal koma fram hvort fyrirtæki eða stofnun hafi leitað eftir úttekt vottunaraðila.

Þann 31.12.2019 hafði Jafnréttisstofu ekki borist tilkynning frá vottunaraðila um að sveitarfélagið hefði öðlast jafnlaunavottun. Jafnréttisstofa óskar því hér með eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hafi hafið vinnu við jafnlaunavottun og hvenær áætlað sé að vottun verði staðfest.

Jafnréttisstofa vekur athygli á því að skv. reglugerð nr. 933/2019 getur Jafnréttisstofa lagt dagsektir á aðila sem brýtur gegn þeirri skyldu að verða við fyrirmælum um að gera viðunandi úrbætur hvað varðar skyldu til að öðlast vottun á jafnlaunakerfi.

Þess er óskað að svar berist Jafnréttisstofu eigi síðar en 28.1.2020.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri